



Reykjavík, 18. mars 2020

Efni: Minnisblað SFS um ferskfiskmarkaði í ESB og á Bretlandi

Í byrjun vikunnar tóku útgöngubönn gildi víðsvegar um Evrópu. Við þessi tíðindi urðu stakkaskipti á erlendum mörkuðum fyrir fiskafurðir. Svartsýnis hafði gætt á mörkuðum í aðdraganda þessa, en viðskipti áttu sér stað nokkurn veginn eins og verið hafði. Í kjölfar hertra aðgerða til þess að hefta útbreiðslu COVID-19 í Evrópu breyttust aðstæður til muna: Veitingastöðum, hótelum, mötuneytum og fiskborðum matvöruverslana hefur verið lokað. Staða ýmissa birgja í virðiskeðjunni, til dæmis í dreifikerfinu, er jafnframt í óvissu. Þetta hefur því sem næst þurrkað upp eftirspurn eftir ferskum afurðum í Evrópu, með tilheyrandi áhrifum á útflutning fisks frá Íslandi. Áhrifin eru ekki aðeins bundin við ferskar afurðir.

Í minnisblaði þessu er reynt að draga fram vægi ferskfiskmarkaða, þær dreifileiðir sem notaðar eru og hvernig aðgerðir stjórnvalda í ríkjum ESB og á Bretlandi hafa haft áhrif á viðskipti með fiskafurðir frá Íslandi.

1. Útflutningsverðmæti sjávar- og eldisafurða til ríkja ESB og Bretlands

Útflutningsverðmæti íslenskra sjávar- og eldisafurða til aðildarríkja ESB nam 137,5 milljörðum króna á árinu 2019. Þar af var útflutningsverðmæti sjávarafurða 123,6 milljarðar króna og eldisafurða 13,9 milljarðar. Til Bretlands voru fluttar út sjávar- og eldisafurðir fyrir samanlagt 47 milljarða króna. Þar af voru sjávarafurðir 43,6 milljarðar króna og eldisafurðir 3,4 milljarðar. Til aðildarríkja ESB og Bretlands nam útflutningsverðmæti sjávar- og eldisafurða þar með samanlagt 184,6 milljörðum króna á árinu 2019, eða sem nemur um 65% af útflutningsverðmæti sjávar- og eldisafurða í heild á árinu. Umfang helstu flokka afurða var með eftirgreindum hætti:

Útflutningsverðmæti sjávar- og eldisafurða til ESB og Bretlands

Í milljónum króna á verðlagi hvers árs

	2015	2016	2017	2018	2019
Ferskur fiskur	43.213	44.076	36.076	46.140	53.598
Frystur fiskur	76.514	74.928	60.395	68.879	81.873
Þurrkaður og saltaður fiskur	22.489	21.871	17.112	22.195	23.442
Aðrar sjávarafurðir	17.282	8.935	8.230	10.489	8.275
Eldisafurðir	2.238	5.238	8.350	6.688	17.374
Alls	161.736	155.048	130.163	154.391	184.562
Sem hlutfall af heild	60%	64%	62%	61%	65%

Heimild: Hagstofa Íslands

2. Umfang viðskipta á umliðnum árum með ferskar sjávarafurðir

Útflutningsverðmæti ferskra sjávarafurða til ESB landa nam um 45,1 milljarði króna á árinu 2019, sem er rúmlega 17% aukning í krónum talið frá fyrra ári. Gengi krónunnar veiktist um 7% gagnvart evru og var því rúmlega 9% aukning að teknu tilliti til þess. Um 63% af heildarútflutningsverðmæti ferskra sjávarafurða á árinu 2019 fór til ESB landa. Er hér að langmestu leyti um þorskafurðir að ræða, en eins eru ýsa og karfi fyrirferðamikil í ferskum afurðum. Um þriðjungur ferskra afurða sem flutt er út til ESB landa hefur farið flugleiðis sé tekið mið af verðmætum. Hlutfallið var 15% á árinu 2019 sé tekið mið af magni. Þessi mismunandi hlutdeild miðað við verðmæti og magn endurspeglar að verðmætari afurðirnar fara fremur flugleiðis en með sjóðleiðinni.

Alls voru fluttar út ferskar afurðir til Bretlands fyrir rúma 8,5 milljarða króna á árinu 2019, sem er um 11% aukning í krónum talið frá árinu 2018. Gengi krónunnar var um 8% lægra gagnvart sterlingspundi á árinu 2019 en 2018 og að teknu tilliti til þess var aukningin rúmlega 2%. Hlutdeild Bretlandsmarkaðar í útflutningsverðmæti ferskra afurða var 12% á árinu 2019. Um fjórðungur afurðanna til Bretlands fór flugleiðis miðað við verðmæti en um 9% sé tekið mið af magni.

Í efri töflunni hér fyrir neðan á sjá verðmæti ferskra sjávarafurða sem flutt er til ríkja ESB og Bretlands. Jafnframt má sjá hlutfall afurðanna sem fer flugleiðis. Neðri taflan er eins, nema þar er miðað við magn.

Útflutningsverðmæti ferskra sjávarafurða til ESB og Bretlands

Í milljónum króna á verðlagi hvers árs

	2015	2016	2017	2018	2019
ESB	32.422	34.610	29.527	38.421	45.055
Bretland	10.791	9.465	6.548	7.719	8.543
Alls	43.213	44.075	36.075	46.140	53.598

Hlutdeild ferskra sjávarafurða með flugi

ESB	42%	40%	35%	32%	29%
Bretland	24%	25%	27%	29%	24%
Alls	37%	37%	34%	31%	28%

Heimild: Hagstofa Íslands

Útflutningur ferskra sjávarafurða til ESB og Bretlands

Í tonnum


	2015	2016	2017	2018	2019
ESB	35.887	44.931	45.569	59.473	59.103
Bretland	18.559	18.703	14.659	18.184	17.838
Alls	54.446	63.634	60.228	77.657	76.941

Hlutdeild ferskra sjávarafurða með flugi

ESB	30%	26%	20%	17%	15%
Bretland	11%	11%	11%	11%	9%
Alls	23%	21%	18%	15%	14%

Heimild: Hagstofa Íslands

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá fjóra stærstu markaði fyrir íslenskar ferskar sjávarurðir innan ESB, auk Bretlands. Frakkland er stærsti markaður Íslendinga fyrir ferskar afurðir og hefur vægi þess markaðar aukist verulega á síðustu árum. Að jafnaði hafa um 17% ferskra sjávarafurða verið fluttar með flugi til Frakklands á tímabilinu sem hér um ræðir, það er 2015 til 2019. Á hinn bóginn fer langmest flugleiðina til Belgíu, eða að jafnaði um 93% á tímabilinu.



3. Umfang viðskipta á umliðnum árum með eldisafurðir

Útflutningsverðmæti eldisafurða til ESB landa nam rúmlega 13,4 milljörðum króna á árinu 2019. Er það 170% aukning í krónum frá árinu 2018 en 150% miðað við í evrum. Hlutdeild ESB landa í útflutningsverðmæti eldisafurða á árinu 2019 var 56%. Útflutningur eldisafurða fer að langmestu leyti sjóleiðis til ESB landa, eða um 90% afurðanna miðað við verðmæti en 94% miðað við magn.

Eins hefur orðið veruleg aukning á útflutningi eldisafurða til Bretlands. Alls voru fluttar út eldisafurðir fyrir rúma 3,4 milljarða króna til Bretlands ár árinu 2019, sem er 127% aukning í krónum talið á milli ára. Að teknu tilliti til lækkunar á gengi krónunnar gagnvart sterlingpundi var aukningin 109%. Var hlutdeild Bretlandsmarkaðar um 14% af eldisafurðum í heild. Um 81% eldisafurða til Bretlands fer sjóleiðinni miðað við verðmæti en sé tekið mið af magni er hlutfallið rúm 97%.

Í efri töflunni hér fyrir neðan á sjá verðmæti eldisafurða sem flutt er út til ríkja ESB og Bretlands. Jafnframt má sjá hlutfall afurðanna sem fer flugleiðis. Neðri taflan er eins, nema þar er miðað við magn.

Útflutningur eldisafurða til ESB landa og Bretlands

	Í milljónum króna		Í tonnum	
	2018	2019	2018	2019
ESB lönd	5.171	13.935	6.181	16.184
Bretland	1.517	3.439	1.801	3.588
Alls	6.688	17.374	7.982	19.772

Hlutdeild eldisafurða með flugi


	Miðað við krónur		Miðað við magn	
	2018	2019	2018	2019
ESB lönd	17,2%	9,8%	10,8%	5,7%
Bretland	19,2%	19,1%	4,4%	2,6%
Alls	17,7%	11,6%	9,4%	5,1%

Heimild: Hagstofa Íslands

Hér má sjá 5 stærstu ESB löndin, auk Bretlands, miðað við útflutningsverðmæti eldisafurða á árinu 2019, flokkað niður eftir flutningsmáta. Eins og sjá má á myndinni fer mest með flugi til Bretlands (um fimmtungur afurðanna) og Þýskaland (ríflaga þriðjungur afurðanna).

Fimm stærstu viðskiptalönd innan ESB auk Bretlands með eldisafurðir

Í milljónum króna á verðlagi hvers árs



4. Áhrif af aðgerðum ríkja ESB og Bretlands til að hefta útbreiðslu veiru

Hrun á ferskfiskmörkuðum

SFS framkvæmdi spurningakönnun meðal félagsmanna í byrjun viku og var svörunin góð. Meðal svarenda voru 15 stærstu sjávarútvegsfyrirtækjin með tilliti til aflahlutdeildar, auk stærstu sölufyrirtækja og fyrirtækja í fiskeldi. Segja má að svörin hafi verið sambærileg á milli fyrirtækja. Í öllum tilfellum átti það við að alger umskipti hafi orðið á markaðnum yfir helgi: Eftirspurn eftir ferskum fiski í Evrópu er orðin því sem næst engin. Ferskur fiskur fer einkum inn á veitingahús, hótél, í mótuneyti, til fyrirtækja í veisluþjónustu eða í opin fiskborð í verslunum. Þetta er flest allt lokað eins og staðan er í dag og eru kaupendur ekki með neina eftirspurn eftir ferskum fiski, og eru jafnvel að „brenna inni“ með ferska vöru

sem keypt var af íslenskum fyrirtækjum í liðinni viku. Áhrifin af þessum lokunum eru þó ekki aðeins bundin við ferskar afurðir; fyrirtækin eru að sjá samdrátt á eftirspurn allra tegunda sem fara inn á hlutaðeigandi markaði. Hér má til dæmis nefna sjófrystar afurðir sem fara í „Fish&Chips“ búðir í Bretlandi, saltaðar afurðir sem fara á veitingastaði, til dæmis á Ítalíu og Spáni, og afurðir sem fara inn á markaði sem reiða sig á ferðamennsku, til dæmis Kanarí og Tyrkland. Eftirspurn eftir eldisafurðum, sem fara að miklu leyti einnig inn á veitingastaði, hefur dregist saman, og útlit er fyrir áframhaldandi samdrátt. Þá hafa markaðir fyrir hráefni, það er fyrir ferskan, heilan fisk, hrúnið: Fiskvinnslur innan Evrópu eiga erfitt með að manna starfssemi sína, eftirspurnin er veik og óvissa er til staðar varðandi aðra þætti virðiskeðjunnar, til dæmis dreifikerfið.

Aðrir markaðir

Eftirspurn hefur dregist verulega saman á því sem næst öllum mörkuðum íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja, þó mismikið eftir svæðum. Staðan er að sögn fyrirtækjanna verst í Frakklandi, en Frakkland hefur á síðustu árum tekið sér stöðu sem mikilvægasta viðskiptalandið fyrir ferskvöru hjá mörgum íslenskum fyrirtækjum. Markaðurinn í Asíu hefur verið lokaður síðan útbreiðsla COVID-19 hófst þar, en einhverjar vísbendingar eru um að hann sé að taka við sér á ný eftir að tekist hefur að ná böndum á veirunni þar. Þá er markaðurinn fyrir þurrkaðar afurðir í Nígíeríu í uppnámi, en það er einkum vegna gjaldeyriskrísu í kjölfar mikilla verðlækkana á olíu. Markaðurinn í Bandaríkjunum og Kanada hefur verið opinn, en óvissa hefur verið með flutninga og kaupendur þar í landi eru í auknum mæli svartsýnir. Óvissan er mikil og kaupendur á öllum mörkuðum eru í auknum mæli svartsýnir og halda að sér höndum. Viðskiptavinir íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja eru til að mynda í auknum mæli að biðja um hægari afhendingu, greiðslufresti eða aðrar kostnaðaraukandi ráðstafanir fyrir alls kyns afurðategundir, ekki bara ferskar. Markaðir fyrir fiskimjöl og lýsi eru enn í nokkru jafnvægi, enda þarf að fódra fiskeldið þrátt fyrir samdrátt í eftirspurn á afurðamörkuðum. Staðan getur þó breyst ef núverandi ástand varir í lengri tíma. Dregið hefur úr sölu á öðrum uppsjávarafurðum og sum fyrirtæki gera ráð fyrir að hún muni stöðvast um óákveðinn tíma.

Eins og fyrr segir þá hafa neikvæð áhrif einkum verið á afurðir sem eru að fara til neyslu utan heimilis. Eftirspurn eftir frosnum, söltuðum og niðursoðnum afurðum í stórmörkuðum og smásölu hefur haldið sér, enn sem komið er, og eftir atvikum jafnvel aukist. Flestir virðast þó telja að þau áhrif séu að miklu leyti vegna þess að neytendur eru að hamstra, líkt og reyndin hefur einnig verið hér á landi. Sú kauphegðun er ekki varanleg. Stóraukið framboð inn á þessa markaði, frá Íslendingum og öðrum, mun þó óhjákvæmilega leiða til verðlækkana. Heilt yfir eru öll fyrirtækin að gera ráð fyrir umtalsverðum samdrætti í eftirspurn, að minnsta kosti á meðan samkomu- og útgöngutakmarkanir eru í gildi. Það ber hins vegar að hafa í huga að staðan er að breytast dag frá degi. Að svo stöddu er því ómögulegt að spá fyrir um hvort breytingar og áhrif þeirra séu til lengri eða skemmri tíma.

Staða íslenskra fyrirtækja

Telja má víst að íslensk fyrirtæki munu ekki selja ferskan fisk til Evrópu, og mögulega víðar, á meðan verulegar samkomu- og útgöngutakmarkanir eru í gildi. Þessi staðreynd kemur misharkalega við hvert og eitt fyrirtæki eftir því hversu mikil áhersla er á ferskar afurðir í þeirra rekstri. Í ljósi óvissunnar er ekki unnt með mikilli nákvæmni að meta fjárhagsleg áhrif á fyrirtæki, en flest fyrirtæki áætla þó gróflega að tekjusatdráttur geti orðið um 20-50% frá fyrra ári. Flest ríki ESB, auk Bretlands, hafa gefið út að útbreiðsla

veirunnar hafi enn ekki náð hámarki. Af því leiðir, að líkur er ekki taldar á að aðgerðir stjórnvalda hlutaðeigandi ríkja muni verða mildaðar svo nokkru nemi á næstu vikum og jafnvel mánuðum. Undir það þurfa fyrirtæki í sjávarútvegi og fiskeldi að vera búin.

Ljóst er að fyrirtækin, bæði í sjávarútvegi og fiskeldi, leita nú allra leiða til þess að færa ráðstöfun sína úr fersku yfir í aðrar ráðstafanir, einkum frystingu, með eins greiðum hætti og unnt er. Sum fyrirtæki hafa næga frystigetu til þess að umskiptin geti verið nokkuð hnökralaus, en önnur fyrirtæki eru í mun meiri vanda hvað þetta varðar. Í dag er birgðastaða flestra fyrirtækja góð, en þau standa frammi fyrir mikilli óvissu um hversu mikið af birgðum þau geta safnað. Flest telja sig geta safnað birgðum í nokkrar vikur, en það ræðst þó af verðbreytingum á afurðum, eftirspurn á mörkuðum, aðgengi að lánsfjármagni og öðrum óvissuþáttum.

Þá skal höfð í huga sú viðvarandi hættu, að upp komist smit eða þörf á sóttkví hjá landverkafólki og/eða sjómönnum, sem gæti stöðvað starfsemi fyrirtækja um óákveðinn tíma. Hvað þá áhættu varðar, hafa SFS hvatt stjórnvöld til að huga að sambærilegum reglum og Norðmenn hafa sett, varðandi skilgreiningu þjóðhagslega mikilvægra fyrirtækja og innleiðingu undanþága starfsmanna þeirra frá reglum um sóttkví, að því gefnu að allra annarra varúðarráðstafana sé gætt.

Fjárhagsstaða sjávarútvegs í heild er viðunandi og atvinnugreinin er ágætlega í stakk búin til þess að mæta einhverjum áföllum til næstu mánaða. Hafa ber þó í huga að staða einstakra fyrirtækja er mjög ólík. Sum fyrirtæki ætla að reyna að halda sínu striki eða breyta sókn sinni í ákveðnar tegundir, en önnur fyrirtæki hyggjast draga úr sjósókn og framleiðslu fyrst um sinn, í samræmi við samdrátt í eftirspurn markaðarins.

5. Samantekt

Þær fordæmalausu og umfangsmiklu breytingar sem hafa orðið á erlendum mörkuðum í þessari viku munu leiða til samdráttar í sjávarútvegi, en óvíst er hversu mikils. Rekstraróvissa er eðli máls samkvæmt veruleg. Nauðsynlegt er því að íslensk stjórnvöld geri allt sem í þeirra valdi stendur til þess að auka á sveigjanleika atvinnugreinarinnar. Með auknum sveigjanleika er hægt að lágmarka hættu á því að aðstæður nú leiði til varanlegra afleiðinga.